

# ORÐAVEGGUR

## (word wall)

Kennarar hengja allt mögulegt upp á veggum til að vekja og viðhalda athygli nemenda sinna. Orðaveggurinn er af sama meiði en efni hans er alltaf hengt upp með ákveðinn tilgang í huga sem endurspeglar skýrt námsmarkmið. Markmiðið getur verið að þjálfra sjónrænan orðaforða, að minna á rithátt orða eða vinna með orðaforða á margvíslegan hátt svo dæmi séu tekin. Mikilvægt er að halda orðaveggnum lifandi með því að bæta inn á hann reglulega og nota efni hans á virkan hátt í kennslu svo hann gagnist nemendum. Ef það er ekki gert er hætt við að hann falli inn í umhverfið og hætti að þjóna tilgangi sínum.

### Hvernig á orðaveggur að vera?

- Velja þarf orðaveggnum stað þannig að allir nemendur sjái á hann.
- Tilgangur með uppsetningu veggjarins þarf að vera öllum notendum ljós.
- Texti á spjöldum þarf að vera greinilegur og lettrið skýrt og læsilegt.
- Nemendur og kennarar ákveða í sameiningu hvaða orð eiga heima á veggnum hverju sinni. Hafa þarf gagnsemi orðanna í huga og velja orð sem skipta máli út frá áherslum í kennslu.
- Möguleikar á uppsetningu eru endalausir en huga þarf að því að hún þjóni viðfangsefninu sem best.
- Mikilvægt er að nota orðavegginn daglega og vinna með orðin á fjölbreytilegan hátt. Hægt er að æfa lestur og ritun orðanna, ræða um skilgreiningar og merkingu, klappa í atkvæði, flokka, ræða um eiginleika þeirra, hvaða orðflokk þau tilheyra, hvaða setningafræðilega hlutverki þau gegna, orðhluta og afleiddar myndir eða allt eftir því hvað aðferðin, sem verið er að vinna með, býður upp á.
- Halda þarf veggnum lifandi með því að bæta inn á hann nokkrum orðum á viku. Á meðan orðin hanga á veggnum er mikilvægt að taka eftir þeim í öðru samhengi, hugsa um þau og nota, í ræðu og riti.
- Veita þarf nemendum tækifæri til að þjálfra bæði lestur og ritun orðanna á orðaveggnum eða allt þar til þeir geta lesið og skrifað þau án umhugsunar. Mikilvægt er að leggja áherslu á réttritun orðanna í allri skriflegri vinnu nemenda.
- Veljið vandlega orðin á orðavegginn og alls ekki af handahófi. Orðin verða að hæfa aldri, markmiðum og viðfangsefni hverju sinni en þannig nýtist veggurinn best. Námsefni og námsmarkmiðin sem birtast í bekkjarnámskrá eru næg uppspretta nýs orðaforða sem mikilvægt er að hjálpa nemendum að ná tökum á.

### Hugmyndir að viðfangsefni fyrir orðavegg

- Sjónrænn orðaforði – þjálfun á lestri og ritun orðmynda.
- Orð sem eru flókin í stafsetningu (ósamræmi milli ritháttar og framburðar) s.s. segja, mega, hafa og hv- orð svo dæmi séu tekin.

- Orð með sömu ritháttarmynstrum, t.d. orð með sömu samhljóðasamböndum.
- Flokkun orða eftir hlutverki þeirra í máli/ritmáli (orðflokkar í íslensku eða öðrum tungumálum).
- Þematengd hugtök (ökutæki, húsgögn, dýr, hugtök sem lýsa skýjafari og úrkomu o.s.frv.).
- Staðsetningarhugtök (fyrir framan, aftan, ofan, neðan, undir, yfir o.s.frv.).
- Samheiti og andheiti.
- Bókmenntahugtök.
- Orðhlutavinna – merkingarleg tengsl orða.
- Falleg orð og ljót (ritun).
- Orðaforði persónulýsinga (hár, andlitsfall, vaxtarlag, litaraft, augu, nef o.s.frv.).
- Lykilhugtök í samfélags- og náttúrufræðigreinum en texti þessara námsgreina inniheldur oft bæði mörg og flókin hugtök sem nemendur verða að læra og geta tengt saman á merkingarbæran hátt eigi þeir að tileinka sér námsefnið.
- Stærðfræðihugtök og orðaforði sem nemendur þurfa að skilja og nota til að ná árangri í stærðfræði. Getu nemenda til að ræða um viðfangsefni gefur vísbendingar um dýpt skilnings á því. Nemendur verða að þekkja orðaforða námsgreinarinnar og mikilvæg hugtök til að skilja fyrir-mæli í námsefninu og fyrir-mæli kennarans. Orðadæmi eru gott dæmi um viðfangsefni sem krefst góðrar þekkingar á stærðfræðiorðaforða.
- Skoðun á orsakasambandi hluta með því að raða hlutum frá hinu almenna til þess sértæka (t.d. innan líffræðinnar, egg-lirfa-púpa-fiðrildi).
- Hugarkort.

